

Mál nr. 375/2014
M og
V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Miklubraut 2. október 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. desember 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 23. desember 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 7. janúar 2015 ásamt greinargerð ökumanns bifreiðar B.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að M kveðst hafa ekið bifreiðinni A á Miklubraut, gefið stefnuljós og skipt um akrein til vinstri og þá hafi bifreið fyrir framan stöðvað og hún líka og rétt á eftir hafi bifreið B verið ekið aftan á hana. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Miklubraut þegar bifreið A hafi verið troðið inn í röð bifreiða og síðan hafi ökumaður bifreiðar A snarhemplað og hafi bifreið B lent aftan á A við það.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi brotið gegn fyrirmælum 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að gæta þess ekki að hafa nægt bil á milli bifreiða auk þess sem ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekið of hratt og gegn fyrirmælum 36. gr. sömu laga. Sé áreksturinn því hægt að rekja til aftanákeyrslu sem ökumaður B beri ábyrgð á.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að áreksturinn megi rekja til þess að M hafi skipt um akrein án þess að gæta nægrar varúðar og þannig brotið gegn fyrirmælum 2.mgr. 17. gr. umferðarlaga sem leggur sérstaka varúðarskyldu á ökumenn sem skipta um akrein.

Álit.

Ljóst er af atvikalýsingu ökumanna í tjónstilkynningu að árekstur verður með bifreiðum A og B strax í kjölfar þess að M sem ökumaður bifreiðar A skipti um akrein. Þegar ökumaður skiptir um akrein ber honum að gæta sérstaklega að sér skv. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Í ljósi þessa stutta tíma sem líður frá akreinaskiptum að árekstri verður að ætla að M sem ökumaður bifreiðar A hafi farið inn í það bil sem ökumaður bifreiðar B hafði skapað sér skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga á þeirri akrein sem hann ók og M ók inn á. Verður áreksturinn því rakinn til akreinaskiptanna og ber M hallann af sönnunarskorti um óaðgæslu ökumanns bifreiðar B. M sem ökumaður bifreiðar A ber því fulla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein í veg fyrir ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 22. janúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.